

***Í Bankastræti rís ekkert lengur undir nafni
- nema núllið***

eftir

Benóný Ægisson

Persónur:

- A – stöðuvörður, kona
- B – kona úr viðskiptaheiminum
- C – karl úr viðskiptaheiminum
- D – stöðuvörður, karl

Útvarpsleikhúsið / Listahátíð í Reykjavík 2002

KONUR

A

Lítið á þessa borg, lítið á hana. Full af skít og drasli og kjöti og blóði og drullu. Lítið á hana og fólkið sem er að drukknast í viðbjóði. Lítið á byggingarnar sem smám saman molna niður, fjölskyldurnar sem leysast upp og fyrirtækin sem fara á hausinn. Lítið á þessa borg og undrist að við skulum vera enn á lífi..

A

Lítið á mig. Ég er ekki öfundsverð en ég sýti ekki hlutskipti mitt. Þetta er sóðastarf en einhver verður að vinna það. Annars fer allt til andskotans og stjórnleysið eitt ríkir. Það eru ekki margir sem gera sér grein fyrir því. Það sjá ekki allir að við erum útverðir siðmenningarinnar og án okkar ríktu lög frumskógarins hérna. Í þessari borg. Lítið á hana. Þetta gæti verið miklu verra.

A

Áðan. Fyrir framan Sálarrannsóknarfélagið. Þar var kraðak af bílum. Ekki veit ég hvort þetta voru framliðnir bílar eða hvort fólkið sem átti þá var við jarðarför en ég skrifaði þá upp til öryggis.

Í talstöð

Dauðinn er engin afsökun fyrir því að leggja ólöglega. Ég skipti.

A

Maður kallar. Út í myrkrið. Út í ljósvakann. En fær maður svar? Býst maður við svári? Er einhver lifandi þarna úti eða eru þetta uppvakningar eða innrásarlið frá öðrum hnöttum. Ógeðslega er ég á miklum túr!

KARLAR

D

Klukkan 7:42 kom Leið 3. Vagninn var fjórum mínútum of seinn og vagnstjórinn Gunnar Hermannsson nr. 68 tjáði mér að það væri vegna hálkunnar. Af því að honum hafði seinkað gat hann ekkert stoppað á endastöðinni og fengið sér að reykja og honum langaði sárlega í smók.

D

Í vagninum voru 16 manns, 4 konur, 2 karlar, 3 unglingar og 5 börn þar af eitt feitt ungbarn í barnavagni, Emmaljunga, rauðum að lit. Við ókum eins og leið lá niður Háleitisbrautina og síðan upp hana frá Kringlumýrarbraut, beygðum suður Bólstaðahlíð, vestur Háteigsveg, norður Rauðarárstíg að skiptistöðinni við Hlemm þar sem við stöðvuðum á Laugaveginum. Á þessari vegalengd komu 8 farþegar inn og 5 fóru út en á Hlemmi var nánast skipt um áhöfn því 13 fóru út en 9 komu inn.

D

Fátt merkilegt var sagt í vagninum svo ég heyrði nema tveir englar, sem voru dulbúnir eins og menntaskólakrakkar, veltu því fyrir sér hvort Hallgrímskirkja væri hæsta hús í bænum. Ekki veit ég hvort þetta gerðist í raun og veru og þá hvort þau voru að tala um mig.

D

Við beygðum síðan í norður, ókum stuttan spöl eftir Snorrabraut en beygðum síðan vestur Hverfisgötu. Ég fór út við Þjóðleikhúsið, gekk yfir götuna og fór inn

A
Ég meina.. þetta er eins og orrustan við Waterloo þetta helvíti. Er það ekki lýsandi fyrir ástandið að.. ég meina.. hefur eitthvað breyst síðan Biblían var skrifuð? Nei. Konur eru ennþá óhreinar og þurfa redda þessu dæmi neðanjarðar

B
Bilað! Enginn pappír! Upptekið!
Andskotans ástand er þetta. Er þetta ekki skólabókardæmi um hugmyndakerfi sem neita að deyja? Það ber enginn virðingu fyrir því sem enginn á. Eða allir eiga. Hvernig geta allir átt eitthvað? Það er ekki hægt, það er skrumskæling á öllum veruleika.

B
Hvað þýðir það fyrir mig að eiga part í fjórum klósettskálum á móti hundrað og tólf þúsund tvö hundruð sjötíu og fimm öðrum borgarbúum? Ekki rassgat.

B
Hér þyrfti sko að einkavæða. Einhver verður að eiga draslið svo það virki. Ertu ekki að verða búin þarna?

A
Þú verður að bíða. Ég er á svo ógeðslega miklum túr. Ég stend hérna alveg blóðug upp að öxlum við að redda þessu.

B
Ef þú stendur ertu ekki að nota postulínið. Hleyptu mér inn, við getum vel tvímennt þarna. Eða segir maður tvíkvennt?

A
Ekki veit ég það enda eru skilgreiningar ekki mín sterka hlið. Ég býst við að helst væri að leita svara hjá orðabók Háskólans. En hitt veit ég að ástandið hérna inni er ekki fyrir fólk með

í höfuðstöðvarnar. Kalli var í afgreiðslunni og reyndi að djóka við mig; eitthvað um ljóshært kvenfólk. En það er ekki hægt að djóka við mig því ég veit aldrei hvernig á að bregðast við djóki, samt heldur hann áfram að reyna þó hann hljóti að sjá að það veldur mér hugarangri. Ég klæddi mig í búninginn og kveikti á talstöðinni.

Í talstöð
Skipti.

C
Þeir segja.. þeir segja.. Þeir segja að úti í heimi sé til köngulóartegund sem er svo grimm og svo baneitruð að kynin.. óttast hvort annað.. Úti í heimi auðvitað því hérna eru þær svo meinlausar: Þið vitið.. Könguló könguló vísaðu mér á berjamó.. Úti í heimi óttast kynin hvort annað. Verð að skjóta á mig einni.

C
Og þegar þau mætast.. karlinn og kerlingin þá stíga þau varlega dans í kringum hvort annað.. ofurvarlega og gæta þess að bilið milli þeirra sé alltaf jafnt. Þau stíga dans.. hring eftir hring þartil.. Verð að skjóta á mig einni.

C
Því auðvitað verður karlinn að nálgast kerlinguna. En samt má hann það ekki því þá drepur hún hann. Þetta er eiginlega vítahringur og eiginlega er svona.. já svona köngulóartegund bara dæmd til að deyja út. Er það ekki? En hún gerir það ekki. Það er nú það besta við þetta. Hún deyr ekki út. Hún heldur bara áfram að dansa við dauðann.

C
Og karlin kemur með gjöf handa elskunni sinn. Kannski flugu eða eitthvað skordýr

viðkvæmar taugar.

B

Ég er ekki með viðkvæmar taugar. Ég er kona á framabraut og nærri enga óra um þann heim sem ég lifi í. Þetta er spurning um að duga eða drepast. Sem minnir mig á það.

Hringir í farsíma

B

C! B hérna.

B

Manstu, þegar ég réð þig, þá töluðum við um að það væru vissar væntingar gerðar til þessarar stöðu.

B

Já og ég sagði þér að allir yrðu að leggjast á eitt og lyfta sínum hluta af hlassinu.

B

Ég sé þetta bara ekki alveg vera að virka hjá okkur.

B

Mér bara finnst þú ekki alveg vera að lyfta þínum hluta af hlassinu.

B

Slaka og slaka. Það er bara enginn slaki núna. Eða finnst þér það?

B

Allir hafa það erfitt núna. Ég hélt ekki að þú værir týpan sem vældir yfir því.

sem hann hefur pakkað vandlega inn í köngulóarvef. Og á meðan hún tekur utan af gjöfinni bregður hann sér aftur fyrir hana.

D

Ég hitti mann á strípistað sem sagði mér að hann tottaði túrtappa. Ekki veit ég hvað hann fékk út úr því. Vitneskjan er fyrsta skrefið í áttina að skilningi og ég hef oft velt því fyrir mér hvort kynlífsfræðingar lifi ánægjulegra kynlífi en aðrir? Líf nútímamannsins er varðað endalausri spurn.

C

Svarar í farsíma

C.

C

B! Hæ! Komdu sæl.

C

Töluðum við um það?

C

Já, auðvitað man ég eftir því.

C

Ekki að virka? Hvað meinarðu?

C

Ég redda þessu. Ég redda öllu. Einhvern tíma. Seinna. Þú verður að gefa mér smá slaka hérna.

C

Ja.. það er erfitt ástand núna.

C

Ég skal reyna að laga þetta. Ég skal laga allt.

B

Heyrðu, er ég ekki að koma í gegn hérna eða hvað? Er eitthvað óskýrt hérna, eitthvað sem Orðabók Háskólans þyrfti að koma að? Þú ert bara ekki að standa þig.

C

Ég skal..

B

Hei hei hei! Er einhver heima þarna? Þú ert rekinn hálfvitinn þinn. Skilurðu það ekki?

C

Ég? Rekinn? Það getur ekki verið. Ég er aldrei rekinn.

B

Ég var að enda við það fíflid þitt.

Þögn

Og C..

C

Já.

B

Þú mátt ekki taka þessu illa. Þetta er ekkert persónulegt.

Slekkur á farsímanum

Ertu ekki að verða búin þarna? Ég er að míga í mig.

A

Jú. Ég er að koma

B

Mikið var!

C

Verð að skjóta á mig einni. Flugan verður að vera svo vel innþökkuð að hann nái að ljúka sér af því þegar hún er búinn með fluguna drepur hún hann

D

En væri til lokaspurning hlyti hún að vera: Fáum við einhverntíma svar?

C

Þeir segja að sumir séu svo klárir að þeir hafi ekkert inni í umbúðunum

D

Í talstöð

D hérna. Hér er maður, á að giska 27 ára, velklæddur og veltihafður, sem ég veit ekki hvernig ég á að bregðast við. Ég skipti.

A

Í talstöð

A hérna. Er hann ólöglega lagður? Skipti.

A

Í talstöð

Ekki vissi ég að þú værir þannig hneigður. Skipti.

A

Í talstöð

Við höfum ekki lögsögu yfir því. Skipti.

A

Í talstöð

Hyldu höfuðið og bíddu þess að þetta gangi yfir. Skipti.

B

Það má hann ekki. Þá lokar hann fyrir orkuflæðið.

A

Orkuflæðið?

B

Já. Þér er óhætt að taka mark á mér. Þó ég sé kona er ég með meira en tíu milljónir í árslaun.

A

Hvað ætti hann að gera?

B

Reyna að tala við hann.

A

Í talstöð

Það er kona hérna sem segir að þú eigir að tala við hann. Skipti.

A

Í talstöð

Nei auðvitað ekki. Þetta er allt of dýrt ráð fyrir fólk eins og okkur.

D

Í talstöð

Hann er ekki á vélknúnu farartæki. Við erum hérna á klósetti. Skipti.

D

Í talstöð

Ég er það ekki. Ég er kynkaldur. Hann er að gráta. Skipti.

D

Í talstöð

Hér er maður að sýna tilfinningar og ég veit ekki hvernig ég á að vera. Ég skipti.

C

Þeir segja að sumir séu svo klárir að þeir hafi ekkert inni í umbúðunum

C

Þeir segja að sumir séu svo klárir að þeir hafi ekkert inni í umbúðunum

D

Í talstöð

Ég get það ekki neitt. Skipti.

B

Í talstöð

Snerting er líka mjög góð við þessar kringumstæður.

A

Í talstöð

Skipti.

B

Í talstöð

Þá fæ ég ekki séð að þú getir gert neitt. Hringdu í Neyðarlínuna. Þeir eiga að redda svona. Ég má ekkert vera að því að standa í þessu. Blessaður.

A

Í talstöð

Geturðu ekki bara farið? Skipti.

A

Í talstöð

Já, geturðu ekki bara farið? Skipti.

A

Í talstöð

Nákvæmlega. Skipti

A

Í talstöð

Sé þig uppfrá í kaffinu. Og mundu að við erum síðasta von siðmenningarinnar. Án okkar ríkti glundroðinn einn. Skipti.

A

Í talstöð

Skrifaðu það bakvið eyrað. Skipti.

A

Í talstöð

Já eyrað. Skipti.

D

Í talstöð

En ég er ekki með neina gúmmíhanska. Skipti.

D

Í talstöð

Hvað finnst þér að ég eigi að gera? Skipti.

D

Í talstöð

Farið? Skipti.

D

Í talstöð

Á ég að gæta bróður míns. meinarðu? Skipti.

D

Í talstöð

Ég geri það. Ég fer bara. Skipti.

D

Í talstöð

Ég held ég verði að punkta þetta hjá mér. Skipti.

C

Þeir segja að sumir séu svo klárir að þeir hafi ekkert inni í umbúðunum.

D

Í talstöð

Eyrað? Skipti.

C

Þeir segja að sumir séu svo klárir að þeir

A
Í talstöð
 Ég átti við í óeiginlegri merkingu. Skipti.

A
Í talstöð
 Þú verður að að fara að temja þér óhlutbundna hugsun, D. Tuttugasta og fyrsta öldin er gengin í garð. Skipti.

A
Í talstöð
 Æ, ég útskýri þetta fyrir þér í kaffinu á eftir. Skipti..

hafi ekkert inni í umbúðunum.

D
Í talstöð
 En ég sé ekkert til þess. Skipti.

D
Í talstöð
 Óeiginlegri? Skipti.

D
Í talstöð
 Bíddu bíddu. Þetta þarf ég að skrifa þetta hjá mér. Skipti.

C
 Þeir segja að sumir séu svo klárir að þeir hafi ekkert inni í umbúðunum.